1. fundur í aðalstjórn Aftureldingar, fimmtudaginn 18. júní 2020.

Fundurinn var haldinn í Golfskálanum kl. 18.00

Mættir stjórnarmenn:
Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ), Erla Edvardsdóttir (EE), Sigurður Rúnar Magnússon (SRM), Geirarður Long (GL), Lára Berglind Helgadóttir (LBH) og Reynir Ingi Árnason (RIÁ)

Mættir starfsmenn:
Kristrún Kristjánsdóttir (KK) framkvæmdastjóri.
Hanna Björk Halldórsdóttir(HBH) íþróttafulltrúi og Svava Sigurðardóttir (SS) fjármálafulltrúi mættu kl. 19

Dagskrá:

1. **Starfsáætlun og verkaskipting stjórnar**
   Birna Kristín Jónsdóttir, formaður
   Erla Edvardsdóttir, varaformaður
   Sigurður Rúnar Magnússon, gjaldkeri
   Geirarður Long, ritari
   Gunnar Skúli Guðjónsson, meðstjórnandi
   Lára Berglind Helgadóttir, meðstjórnandi
   Reynir Ingi Árnason, meðstjórnandi
   Starfsáætlun lögð fram til kynningar.

2. **Fjármál**
   Gjaldkeri fór yfir fjárhagsstöðu deilda og samstæðuuppgjör
   Gjaldkeri fór yfir athugasemdir skoðunarmanna félagsins
   Gjaldkeri kynnti útreikning á rekstrarstyrk frá Mosfellsbæ sem var samþykktur og verður greiddur út til deilda í framhaldinu.
   Umsóknarfrestur vegna sértækra úthlutana frá ÍSÍ vegna Covid faraldursins rennur út 19. júní og verður afstaða til úthlutunar þess styrks sem Aftureldingu var úthlutað á dögunum rædd síðar.

3. **Kynnig frá Eflu vegna framtíðarskipan Varmársvæðis.**
   Umræður um kynningu sem var í síðustu viku frá verkfræðistofunni Eflu vegna framtíðarskipan Varmársvæðis. Formaður verður í sambandi við Eflu og Mosfellsbæ vegna næstu skrefa.

4. **Ályktun frá blakdeild**
   i. Aðalfundur blakdeildar Aftureldingar beinir því til aðalstjórnar Aftureldingar að stjórn beiti sér fyrir úrbótum á búningamálum blakkvenna. Þrátt fyrir samning Aftureldingar og Jako um búninga þá hefur Jako ekki uppfyllt þarfir blakdeildarinnar um búninga við hæfi. Álit aðalfundar er að við þetta verði ekki unað lengur og þörf sé á tafarlausum úrbótum.
   Framkvæmdastjóri tekur málið upp með Jako.

ii. Aðalfundur blakdeildar Aftureldingar vill velja athygli aðalstjórnar félagsins á algjörlega ófullnægjandi aðstöðu til styrktarþjálfunar afreksfólks deildarinnar. Blakdeildin skorar á stjórn Aftureldingar að gripið verði til viðeigandi aðgerða gagnvart rekstraraðila aðstöðunnar á Varmá til að íþróttafólk Aftureldingar sitji allt við sama borð og fái þá aðstöðu og þjónustu sem greitt er fyrir og krafa er um. Að öðrum kosti beiti aðalstjórn sér fyrir því að Mosfellsbær geri blakdeildinni kleift að leita til æfinga í aðstöðu utan Varmár.
Styrktarþjálfun og aðstaða hennar var rædd á samráðsfundi með Mosfellsbæ 26. maí sl. þar sem fulltrúar bæjarins ætla að fara yfir málið með sínu fólki. Við ákveðum næstu skref eftir að hafa fengið svör frá þeim.

5. Staða BUR í handbolta

Öll stjórn BUR í handbolta tilkynnti á síðasta aðalfundi deildarinnar að hún mun ekki bjóða sig áfram til stjórnarsetu og ekki hefur komið nýtt framboð af fólk sem er áhyggjuefni. BKJ hefur samband við formann handknattleiksdeildar og kannar stöðuna, ef enginn hefur boðið sig fram þarf að halda fund með foreldrum iðkenda.

6. Önnur mál

a) Mót í vetur, rætt var um að deildir geti haldið eitt mót á hvorri önn í íþróttahúsinu að Varmá. Við viljum koma í veg fyrir að þurfa að fella niður mikið af helgaræfingum framundan þar sem iðkendur misstu mikið úr á vorönn vegna Covid.
b) Stundatafla næsta tímabils, HBH skýrði frá því að hún væri að mestu tilbúin.

Fundi slitlið kl.20:30

Geirarður Long ritaði fundargerð.